



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni sem fá besta kosningu í Hverfið mitt

Óskað var umsagnar Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við meðfylgjandi fyrirspurn með tölvubréfi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 24. ágúst 2023.

Svar:

Samanber reglum um rafrænar kosningar í Hverfið mitt er talningu atkvæða háttað sem hér segir:

- Öll atkvæðin í viðkomandi hverfi eru talin og verkefnum raðað eftir fjölda atkvæða.
- Því verkefni sem flest atkvæði hefur hlotið í viðkomandi hverfi er stillt upp og kostnaðurinn við verkefnið dreginn frá heildarfjárheimildinni.
- Það verkefni sem næstflest atkvæði hefur hlotið er tekið og borið saman við það sem eftir er af fjárheimildinni. Ef verkefnið rúmast innan fjárheimildarinnar er það sett á lista valinna verkefna. Ef það rúmast ekki innan heimildarinnar er því sleppt og þriðja atkvæðamesta verkefnið skoðað.
- Svona gengur þetta koll af kalli, þar til fjárheimildin hefur öll verið notuð eða hún orðin of lítil fyrir nokkurt þeirra verkefna sem eftir eru.

Eftir kosningar fer fram ferli hönnunar og útboðs allra þeirra hugmynda sem hljóta kosningu áður en þau eru framkvæmd. Leitast er við að hafa samráð við hugmyndasmiði og íbúaráð um framkvæmd verkefna, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem breyta þarf hugmyndum eða staðsetningum þeirra. Einnig er hugmyndahöfundum boðið á samráðsfund með verkefnastjórn Hverfið mitt þar sem þeir geta útskýrt hugmynd sína nánar. Framkvæmdum við verkefni sem höfnuðu í sætum 1 til 7 er flestum lokið eða nánast lokið, samanber verkefnastöðu á framkvæmdasjá Reykjavíkurborgar fyrir Hverfið mitt 2022 - Breiðholt: <https://2021.reykjavik.is/framkvaemdasjain/hverfid-mitt-breidholt-framkvaemdir-2022>.

Virðingarfyllst,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Fyrirspurn

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni sem fá besta kosningu í Hverfið mitt - MSS23080034

Fyrirspurn um ferli framkvæmda verkefna sem fá flest atkvæði í Hverfið mitt 2020-2021 íbúakosningu. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig ferli ákvarðana er þegar velja á hvaða verkefni skuli framkvæmd sem fá flest atkvæði úr íbúakosningu Hverfið mitt. Þau verkefni sem fengu flest atkvæði í Breiðholti 2021 var Jólaljós í tré milli Efra og Neðra Breiðholts 1451 atkvæði; í öðru sæti nýjar ruslatunnur í hverfið sem fékk 1400 atkvæði. Í þriðja sæti bætt lýsing í hverfið og í 4 sæti jólaljós við Seltjörn. Í 5. 6. og 7 sæti var Ærslabelgur í Seljahverfi og að gróðursetja fleiri tré í Breiðholti og trampólíngarður. Í 8 sæti með rúm 800 atkvæði var að reisa þrekstiga úr Neðra Breiðholti í Efra Breiðholt sem búið er að framkvæma. Stigaverkefnið er umdeilt og var ekki grenndarkynnt. Hinn umdeildi stigi var sem sagt ekki vinsælastur heldur í 8. sæti. Önnur 7 atriði voru vinsælli. Fulltrúi Flokks fólksins óskar einnig upplýsingar hvort búið sé að framkvæma þau verkefni sem voru framar þ.e. frá 1-8?